

BORGARRÁÐ 13. nóvember 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um úrbætur á gangbraut á gatnamótum Reykjavegs og Kirkjuteigs

Borgarráð samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði að ráðast strax í frekari úrbætur á gangbraut á gatnamótum Reykjavegs og Kirkjuteigs til þess að tryggja öryggi skólabarna sem þurfa að fara yfir götuna á hverjum degi. Þá verði skóla- og frístundasviði falið að tryggja að gangbrautarvörður sé við gatnamótin á þeim tímum sem börn fara í og úr skóla á meðan unnið er að endurbótum.

Greinargerð:

Tvívegis hefur verið ekið á börn á gatnamótum Kirkjuteigs og Reykjavegar á einum mánuði. Þrátt fyrir að ráðist hafi verið í úrbætur á gangbrautinni er ljóst að þær duga ekki til þess að tryggja öryggi gangandi og hjólandi umferðar. Borgarfulltrúi Framsóknar telur brýnt að bregðast við þessari stöðu tafarlaust.